

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 60/1983. **Verkamannafélagið Dagsbrún f.h.**

Tómasar A. Baldvinssonar

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

stjórn Verkamannabústaða

í Reykjavík

(Jón Þorsteinsson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsagnarfræstur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Hall-dór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1983. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 38.051.00 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar að mun og að málskostnaður verði felldur niður.

Uppsagnarbréf áfrýjanda er eigi svo skýrt sem skyldi. Því orkar tvímælis, hversu lengi áfrýjandi hugðist starfa áfram hjá stefnda, eftir að hann afhenti uppsagnarbréfið.

Áfrýjandi hafði unnið svo lengi hjá stefnda, að hann átti rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti frá störfum skv. 1. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sbr. og 12.2. í kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við Vinnuveitenda-samband Íslands, Vinnumálasamband Samvinnufélaganna og Reykjavíkurborg, dags. 27. október 1980. Samkvæmt 1. gr., 5. mgr., áður nefndra laga og 12.3. í áminnstum kjarasamningi er uppsagnarfrestur þessi gagnkvæmur, og skulu allar uppsagnir vera skriflegar og miðast við mánaðamót.

Þykir verða að túlka uppsagnarbréf áfrýjanda í ljósi þessara ákvæða. Uppsagnarbréfið var afhent stefnda í febrúar 1982. Uppsagnarfestinn, einn mánuð, átti að miða við næstu mánaðamót. Áfrýjandi átti því rétt á og bar skylda til skv. framangreindum laga- og kjarasamningsákvæðum að vinna þann mánuð og bauð fram þjónustu sína sem járnamaður hinn 1. mars, en var þá vísað frá af verkstjóra stefnda. Af þessum sökum á áfrýjandi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda. Eins og starfskjörum áfrýjanda hjá stefnda var háttað, þykir rétt að ákvarða þær bætur að álitum. Bætur þessar þykja hæfilegar ákveðnar 20.000.00 krónur. Ber stefnda að greiða áfrýjanda téða fjárhæð ásamt vöxtum, er í dómsorði greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Verkamannafélaginu Dagsbrún f.h. Tómasar A. Baldvinssonar, 20.000.00 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi Tómas A. Baldvinsson sagði upp starfi sínu hjá stefnda „frá og með 1. 3. 1982“, svo sem segir í bréfi því, sem hann afhenti Gylfa Magnússyni verkstjóra. Í bréfinu var enginn fyrirvari gerður um það, að dagsetningu þessa bæri að skilja svo, að Tómas hygðist starfa uppsagnarfrest þann, sem gildi í vinnusambandi málsaðilja þ.e. mánuð frá 1. mars að telja. Naut Tómas þó að eigin sögn aðstoðar skrifstofustúlku hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún við samningu bréfsins. Stefndi hlaut að gera ráð fyrir, að Tómas hygðist hætta störfum 1. mars. Tómas skýrði verkstjórnum Jóni

Björnssyni og Gylfa Magnússyni frá því 26. febrúar, að hann ætlaði að starfa út marsmánuð, en eigi verður séð, að hann hafi fyrir skýrt yfirmönnum sínum frá þeirri túlkun sinni á uppsögninni, og var honum þó kunnugt um það þegar hinn 22. febrúar, að stefndi hafði auglýst eftir járnamönnum til starfa. Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta ætti héraðsdóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 8. september 1982.

Sóknaraðili málsins er Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík f.h. Tómasar A. Baldvínssonar verkamanns, Vesturbergi 52 hér í borg, nafnúmer 8889-6999.

Varnaraðili er stjórn Verkamannabústaða í Reykjavík, Suðurlandsbraut 30 hér í borg, nafnúmer 8527-5143.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur í málinu, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kr. 38.051 með 34% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 14. september 1982, en með dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skadlausu.

Varnaraðili krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, en til vara, að kröfur sóknaraðilja verði verulega lækkaðar að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Samkvæmt lögum nr. 51/1980 annast varnaraðili byggingu verkamannabústaða í Reykjavík. Rekur varnaraðili í því sambandi allumfangsmikla byggingarstarfsemi og ræður til sin starfsfólk við verkframkvæmdina og greiðir því kaup. Er aðild varnaraðilja í málinu ekki umdeild.

Um áramótin 1980/1981 réðst Tómas A. Baldvínsson til varnaraðilja sem járnamaður. Tómas fékk greidd laun fyrir störf sín samkvæmt ákvæðisvinnutaxta, sem mun hafa verið í því fölginn, að varnaraðili greiddi honum ákveðið gjald af hverju kg járn, sem Tómas vann. Starf járnanna er fölgid í því að búta niður steypustyrktarjárn, beygja það eftir þörfum og koma því síðan fyrir í steypumótum og binda það þar.

Eftir áramótin 1981/1982 hafði Tómas sér til aðstoðar mann, Bjarna Ólafsson. Ekki fékk Bjarni greitt samkvæmt ákvæðisvinnutaxta fyrir vinnu sína. Tómas greiddi honum hins vegar tímakaup kr. 60.00 fyrir hverja unna

klukkustund. Virðist Tómas hafa haft mjög gott kaup. Engu að síður ákvað hann að segja starfi sínu lausu. Segir Tómas, að tvær ástæður hafi aðallega verið fyrir því, að hann tók ákvörðun um að segja starfi sínu lausu. Önnur ástæðan hafi verið sú, að verkstjórinn, Jón Björnsson, hafi séð ofsjónum yfir því, hve hátt kaup hann (Tómas) fékk og hafi Jón því viljað fjölga járnamönnum. Einnig hafi verið um ósamkomulag þeirra í milli að ræða. Hin ástæðan hafi verið sú, að hann hafði fengið loford fyrir vinnu annars staðar og þar hafi hann átt að byrja í apríl 1982. Eftir að Tómas hafði ráðfært sig við starfsstúlku á skrifstofu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, ritaði hann varnaraðilja uppsagnarbréf, og er meginefni textans svohljóðandi:

„Ég undirritaður Tómas A. Baldvinsson, járnamaður, segi upp starfi mínu hér hjá verkamannabústöðum frá og með 1.3. 1982.“

Tómas kveðst hafa afhent bréfið, sem var ódagsett, þann 18. febrúar 1982. Tvö vitni, verkstjórar stefnda, þeir Jón Björnsson og Gylfi Magnússon, hafa hins vegar staðhæft hér fyrir dómi, að bréfið hafi Tómas afhent Gylfa miðvikudaginn 10. febrúar 1982. Verður sú staðhæfing þeirra lögð til grundvallar í málinu um afhendingardaginn.

Óumdeilt er í málinu, að samkvæmt kjarasamningi hafi uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðilja, Tómasar og varnaraðilja, verið einn mánuður og átt að miðast við mánaðamót.

Tómas kveðst hafa lagt þann skilning í efni bréfsins, að mánaðarupp-sagnarfresturinn byrjaði að líða 1. mars 1982, og hann kveðst hafa ætlað að vinna hjá varnaraðilja allan marsmánuð. Áðurgreindir verkstjórar varnaraðilja segjast hins vegar hafa lagt þann skilning í efni bréfsins að Tómas segði upp starfi sínu frá 1. mars og að hann myndi ekki mæta til vinnu þann dag.

Jón Björnsson segir, að þeir hafi fyrst reynt að ráða nýja járnamenn í gegnum kunningskap. Það hafi ekki gengið. Hafi því verið auglýst í Morgunblaðinu eftir járnámönnum. Auglýsingin birtist 21. febrúar 1982. Réð Jón Björnsson þrjá járnamenn til varnaraðilja. Hann segir, að Tómas hafi ekki mætt til vinnu föstudaginn 26. febrúar 1982, svo sem honum hafi borið. Af tilviljun, að því er virðist, hittu þeir Jón og Gylfi þó Tómas þennan dag í Kaffivagninum á Grandagarði, og var hann ekki vinnuklæddur. Kveðst Jón hafa snúið sér að Tómasi og spurt hann, hvort hann ætlaði ekki að taka dótið sitt af vinnusvæðinu, þar sem hann hefði sagt upp starfi sínu frá 1. mars. Tómas hafi þá sagt, að hann ætlaði að vinna í einn mánuð í viðbót. Kveðst Jón þá hafa sagt, að varnaraðili væri búinn að ráða nýja menn, þar sem hann hefði sagt upp störfum frá 1. mars. Kveðst Jón þá hafa boðið Tómasi að vinna almenna verkamannavinnu í einn mánuð, en Tómas hafi ekki þegið það.

Tómas og Bjarni Ólafsson mættu á vinnusvæði varnaraðilja þann 1. mars. Jón Björnsson tilkynnti þeim þá að koma sér út af vinnusvæðinu. Fóru þeir við svo búid. Tómas sneri sér strax sama daginn til Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Starfsmaður félagsins hafði þegar samband við framkvæmdastjóra varnaraðilja, en ekkert samkomulag náðist.

II.

Af hálfu sóknaraðilja er á það bent, að ekkert samráð hafi verið haft við Tómas eða hann látinn vita um það, að varnaraðili liti svo á, að Tómas ætlaði ekki að vinna uppsagnarfrest sinn, né hafi varnaraðili gengið úr skugga um, að svo væri. Þótt fallast megi á, að uppsagnarbréf Tómasar kunni að orka tvímælis um síðasta vinnudag hans, þá gildi sú almenna regla, að menn fari að settum lögum og kjarasamningi og megi þannig ætla, að Tómas hafi talið uppsagnarbréf sitt í samræmi við kjarasamning og lög, enda ekkert fram komið, sem bendi til annars. Starfsmönnum varnaraðilja hafi því borið að ganga úr skugga um, hvort Tómas hygðist rifta vinnuréttarsambandinu heilum mánuði of snemma, áður en varnaraðili réði menn í stað Tómasar. Þetta hafi starfsmenn varnaraðilja ekki gert. Þeir hafi heldur ekki leyft Tómasi að vinna út marsmánuð þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um strax þann 1. mars 1982. Með því og að Tómas hafi ekki þurft að sæta því að vinna almenna verkamannavinnu á uppsagnartímanum, beri varnaraðilja að greiða Tómasi kaup í einn mánuð, sem nemi stefnufjárhæðinni.

III.

Af hálfu varnaraðilja er aðalkrafa um sýknu studd þeim rökum, að uppsagnarbréf Tómasar verði ekki skilið öðruvísi en að hann hafi ákveðið að rjúfa vinnusambandið frá og með 1. mars 1982, þ.e. að hann lyki störfum sínum hjá varnaraðilja að kvöldi síðasta vinnudags í febrúar sem var föstudagurinn 26. febrúar.

Hafi Tómasi láðst að orða uppsagnarbréfið þannig, að meining hans kæmi fram, beri hann sjálfur ábyrgð á því.

Þegar deilan um gildi uppsagnarinnar hófst, hafi verið búid að ráða aðra járnmennt. Hafi Tómas því verið boðið til samkomulags almenn verkamannavinna allan marsmánuð, en því boði hafi hann hafnað.

Kaup Tómasar hafi annars vegar verið tímakaup og hins vegar bónus. Bónusgreiðslurnar hafi verið miklu hærrí en tímakaupið. Hann hafi einnig notið bónusgreiðslna af vinnu Bjarna Ólafssonar, sem hafi starfað hjá varnaraðilja á vegum Tómasar. Af þessum sökum sé bótakrafa sóknaraðilja of há. Í reynd hafi Tómas verið sambland af verkamanni og verk-taka. Verði ekki séð, að hann eigi rétt á að fá bætur fyrir gróða atvinnurek-

anda. Ef taka eigi bótakröfu sóknaraðilja til greina, sé eðlilegast að miða bótakröuna við laun þeirra, sem tóku við af Tómasi. Samkvæmt dómskjali nr. 14 hafi tveir járnsmenn, varnaraðilja fengið í laun kr. 14.563.43 og kr. 15.756.64 í marsmánuði 1982. Eðlilegt sé að miða við meðaltal launa þeirra.

IV.

Tómas A. Baldvinsson hefur gefið skýrslu hér fyrir dómi ásamt vitnunum Gylfa Magnússyni, Jóni Björnssyni, Bjarna Ólafssyni og Halldóri Garðari Björnssyni.

Vitnið Gylfi Magnússon skýrði m.a. svo frá: „Ég er búinn að vera verkstjóri frá 1963. Það er mín reynsla, að það sé mjög sjaldgæft, að verkamenn segi skriflega upp starfi sínu. Algengast er, að menn fari úr vinnunni fyrirvaralaust, þegar þeir eru orðnir leiðir á starfinu eða af öðrum ástæðum. Menn voru þó ekki hýrudregnir, þar sem ég þekki til.“

Þegar atvik málsins eru virt, verður að fallast á það með varnaraðilja, að varnaraðili hafi mátt leggja þann skilning í efni bréfs Tómasar, að vinnusambandinu skyldi lokið 1. mars 1982. Ber því að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar f.h. Tómasar A. Baldvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
